



Fjelag tónlistar Jóns Leifs. Skýrsla Fjelagsins fyrir árið 1932

Bjarni Benediktsson – Stjórnmaál – Jón Leifs – Félag tónlistar Jóns Leifs

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnmaálamaðurinn
Askja 2-2, Örk 1

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík í marz 1933.

SKÝRSLA FJELAGSINS FYRIR ÁRIÐ 1932.

(Sendist samkv. lögum til allra fjelagsmanna).

Eftir rækilegan undirbúning var stofnfundur fjelagsins haldinn í Reykjavík þann 9. maí 1932, Stofnendur voru 50 að tölu. - Um sumarið byrjaði erlend deild fjelagsins að starfa, samkvæmt umboði stjórnarinnar, og er afgreiðsla deildarinnar í Berlín. - Skrásettir fjelagsmenn í báðum deildum eru nú 107, þar af 77 á Íslandi, en 30 erlendis, og 3 æfifjelagar erlendis en 1 á Íslandi. Meðal erlendra fjelaga eru merk fjelög og opinber bókasöfn á Norðurlöndum, í Þýskalandi, Hollandi, Spáni, Tjekkoslavíu og Ameríku, svo sem Public Library í New York, Konuglega bókasafnið í Kaupmannahöfn, Musikkonservatorium í Osló, músikbókasafnið í Haag, ríkisbókasafnið í München, háskólabókasafnið í Kiel, Þjóðræknisfjelogið í Winnipeg o.fl.

Reikningar deildanna fyrir árið 1932 eru þannig:

Íslandsdeildin:

Tekjur:

Innheimt tillög fjelagsmanna fyrir árið 1932	kr.	890,00
Óinnheimt	-	80,00
Lán: frú Ragnheiður Bjarnadóttir, Rvík	-	250,00
- frk. Þórey Þorleifsdóttir	-	179,73
		<u>Kr. 1399,73</u>
		=====

Gjöld:

Sent erlendu deildinni upp í prentkostn. á Minni Íslands eftir Jón Leifs Rmk. 650,-	kr.	976,25
Kostnaður við sendingu þeirrar upphæðar	-	38,70
Stofnkostnað (prentun á boðsbrjefum og lögum, frímerki o.fl.)	-	179,73
Fjelagsmenn: Ógreidd tillög	-	80,00
Í sjóði hjá fjehirði	-	125,05
		<u>Kr. 1399,73</u>
		=====

Erlenda deildin:

Tekjur:

Tillög fjelagsmanna fyrir árið 1932	Rm.	555,15
Frá Íslandsdeildinni	-	650,00

	Rm.	1205,15
		=====

Gjöld:

Greitt upp í prentkostnað á "Minni Íslands"	Rm.	850,00
Greitt fyrir bókband	-	64,90
Skrifstofugögn, ritföng, pappír o.fl.	-	160,22
Frímerki	-	30,37
Skrifstofukostnaður og stimpilgjöld	-	92,84
Í sjóði	-	6,82

	Rm.	1205,15
		=====

Fjelagið hefir greitt um þrjá fjórðu hluta af prentkostnaði verksins "Minni Íslands" og er svo gert ráð fyrir að fjelagið greiði aldrei nema nokkurn hluta af prentkostnaði þeirra verka, sem fjelagið stýður prentun á. Mun stjórnin sjá svo um, að handa fjelagsmönnum verði næst prentað nokkuð af óbrotnari og alþýðlegri lögum, jafnframt hinum stærri verkum. Fjelagar fá nú ókeypis vandað eintak af "Minni Íslands" en óvandaðri eintök þessa verks kosta erlendis frá forlagsfirmanu tæpar kr. 30,00. Nýir fjelagsmenn fá einnig ókeypis vandað tölusett eintak þessa verks. Skorar stjórnin á menn að reyna eftir mætti að útvega fleiri fjelaga og flýta þannig fyrir útgáfu á verkum Jóns Leifs.

Áritun Íslandsdeildarinnar er: Reykjavík, pósthólf 714, en erlendu deildarinnar: Jón Leifs Gesellschaft, Berlin, Wilmerdorf, Prinzregentenstr. 26.

S t j ó r n i n .